



Reykjavík 12.10.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. október 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Göngugötur vegna Iceland Airwaves 2017

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. október 2017, þar sem lagt er til að eftirfarandi götur í miðborg Reykjavíkur verði gerðar að göngugötusvæði dagana 1. til 5. nóvember 2017 vegna hátíðarinnar Icelandic Airwaves:

Laugavegur og Bankastræti, frá Vatnsstíg að Þinghóltsstræti. Skólavörðustígur, milli Bergstaðastrætis og Bankastrætis.

Pósthússtræti, milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis.


Austurstræti auk Veltusunds og Vallarstrætis.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. október 2017


Reykjavík 11. október 2017

Til umhverfis- og skipulagsráðs

Tillaga: Göngugötur í miðborg Reykjavíkur vegna Iceland Airwaves 2017

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin verður haldin 1.-5.nóvember næstkomandi. Á hátíðina má búast við nokkur þúsund erlendum gestum og verða í allt 7500 miðar seldir á hátíðina í ár. Auk hátíðarinnar sjálfar verða mikið af svokölluðum „off-venue“ eða hliðarviðburðum um alla borg þessa daga. Flestir þessara viðburða verða miðsvæðis í borginni. Ekki þarf miða inn á hátíðina til þess að mæta á „off-venue“ eða hliðarviðburðina og því má gera ráð fyrir mun fleiri gestum á hátíðina en þeim 7500 sem kaupa miða.

Göngugötur hafa verið í miðborginni á meðan hátíðinni stendur undanfarin tvö ár og sýndu talningar í fyrra að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda var ekki ósvipuð dagana sem hátíðin var í gangi og þá daga sem talið var um sumarið, eins og sjá má á súluritinu að neðan.



Lagt er til að svæðið sem gert er að göngugötu á sumrin verði göngugötusvæði dagana 1.-5. nóvember 2017 meðan hátíðin Iceland Airwaves er í gangi. Það eru eftirfarandi götur:

- **Laugavegur og Bankastræti**, frá Vatnsstíg að Þingholtstræti.
- **Skólavörðustígur**, milli Bergstaðastrætis og Bankastrætis
- **Póshússtræti**, milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis
- **Austurstræti** auk **Veltusunds** og **Vallarstrætis**

Akstur verður heimilaður, fyrir vöruafgreiðslu, milli kl. 07:00 og 11:00 umrædda daga. Bifreiðastöður verða óheimilar á meðan gatan er lokað fyrir bílaumferð.

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs,
Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur